

Stafa- og orðaspil

Efni:

Hlið úr pappakassa

Litað karton í stærð A2

Lím

Skæri

Bókstafir með ramma utan um – t.d. Century Gothic eða Skriftis Grunn (a.m.k. 100 punkta og bold)

Myndir af ýmsum orðum þar sem textinn er skrifaður fyrir neðan

Bókaplast

Plöstunarfél og plast

Aðferð:

Pappinn sniðinn að kartoninu sem er svo límt á pappann. Gerður upphafs- og endareitur og bókstafir límdir á milli þeirra. Plastað með bókaplasti. Bókstafirnir (nóg af þeim) eru gerðir í tölvu sem og myndir þar sem búið er að skrifa heitið fyrir neðan. Þetta er plastað í plöstunarfél og klippt til.

Spilið:

Tveir til fjórir spila saman og gera til skiptis. Teningi kastað og ef lent er t.d. á A á að taka spjald með A. Bókstöfum er safnað saman á leiðinni að endareitnum og þegar spilinu er lokið eiga krakkarnir að taka þá stafi sem þau hafa safnað saman og kanna hvort þeir geti búið til orð úr sínum stöfum. Hægt að nota myndirnar til að hjálpa við að finna orð.

Útfærsla:

- Leyfa krökkunum að leika bara með bókstafina og myndirnar og búa til orð

Ath:

- Skv. Vísindavefnum eru stafirnir A R I N E S T U algengastir í íslensku máli og X É Ú P B sjaldgæfastir. Því ber að hafa í huga að hafa fleiri reiti með algengari stöfunum og færri með þeim sjaldgæfari.
- Þar sem bókstafirnir eru ansi margir er tímafrekt að leita að þeim ef þeir eru í körfu eða í hrúgu á borði/gólfi. Því getur verið sniðugra að kaupa t.d. skrúfubox og hafa hvern bókstaf í sérhólfi sem er merkt hverjum bókstaf. Þá er auðveldara að finna hvern staf og þolinmæðin endist lengur.

